



Akureyrarbær



Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2021

Velferðarsvið



Velferðarsvið

Haustið 2019 hófst undirbúningsvinna sem hafði það að markmiði að bæta velferðarþjónustu bæjarins, gera hana notendavænni og markvissari m.a. með því að koma í veg fyrir tvíverknað og göt í þjónustunni. Enn fremur að auka skilvirkni og nýta möguleika stafrænnar þróunar, efla þverfaglega teymisvinnu og ná fram hagræðingu. Í ársbyrjun 2021 tók svo við nýtt og sameinað velferðarsvið og mikil vinna fór í gang við breytingar. Flest gekk eftir sem áformað var en þó var tekin ákvörðun um að fara ekki í breytingar á húsnæðinu í Glerárgötu sem hafði það í för með sér að sameiginleg móttaka fyrir allt húsið varð ekki að raunveruleika en hins vegar voru móttökurnar á 2. og 3. hæð sameinaðar og nú er aðeins ein móttaka fyrir velferðarsvið á 2. hæð í Glerárgötu 26.


Félagsþjónusta

Markmið félagsþjónustunnar er að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi. Félagsþjónustan býður upp á félagslega ráðgjöf auk eftirfarandi úrræða: fjárhagsaðstoð, félagslegt húsnæði, sérstakan húsnæðisstuðning, styrki til náms- og tækjakaupa og undanfarin ár hefur verið boðið upp á námskeið fyrir fullorðin fólk með einhverfu; PEERS. Í samráði við aðrar stofnanir bæjarins hefur einnig verið boðið upp á atvinnuúrræði. Auk þess getur félagsþjónustan vísað í Öskjuna fjölskyldustuðning, þar sem foreldrar geta fengið stuðning og ráðgjöf við uppeldi á heimilum sínum.

Þar að auki hafa ráðgjafar félagsþjónustunnar tekið að sér móttöku flóttafólks sem sækir um alþjóðlega vernd hér á landi.

Í töflunni hér til hliðar má sjá heildarfjölda samþykktara umsókna og meðalupphæð veittrar fjárhagsaðstoðar árið 2021.

MYND 1 – ÞRÓUN FJÁRHAGSAÐSTOÐAR Á VERÐLAGI HVERS ÁRS 2009 - 2020



Alþjóðastofa

Helstu hlutverk Alþjóðastofu eru að: veita upplýsingar og ráðgjöf fyrir innflytjendur varðandi atvinnu- og dvalarleyfi, námskeið í íslensku, skólamál, félagsþjónustu og ýmis önnur mál, auk þess að vera í samstarfi við ólíkar stofnanir innan sem utan kerfis Akureyrarbæjar og sinna nýsköpun og þróun verkefna innan málaflokksins.

Samkvæmt nýbúaskrá Akureyrarbæjar 2021 voru 1265 einstaklingar með erlent ríkisfang frá 66 löndum búsettir á Akureyri. Alþjóðastofa hefur það að leiðarljósi að auka sýnileika fjölmennningar og þann fjölbreytileika sem innflytjendur búa yfir og að auka þátttöku innflytjenda í samfélaginu.

Félagslegt húsnæði

Tilgangurinn með rekstri félagslegs leiguhúsnæðis er að tryggja framboð af leiguhúsnæði til handa einstaklingum og fjölskyldum sem ekki hafa kost á að afla sér húsnæðis með öðrum hætti. Um er að ræða almennt félagslegt leiguhúsnæði, sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og áfangaheimili.

Á árinu 2021 bárust samtals 83 nýjar umsóknir um félagslegt leiguhúsnæði til Akureyrarbæjar, að meðtöldum umsóknum um áfangaheimili og sértækt húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk. 58 umsóknir voru samþykktar á biðlista, tvær dregnar til baka og 18 umsóknum var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki skilyrði. Þrjár voru í vinnslu við áramót.

Sérstakur húsnæðisstuðningur

Á árinu 2021 bárust 224 nýjar umsóknir um sérstakan húsnæðisstuðning. Af þeim voru 149 nýjar umsóknir samþykktar, en 70 umsóknum var hafnað þar sem þær uppfylltu ekki skilyrði. Fimm umsóknir voru í vinnslu/bið um áramót. Meðalfjöldi samþykktar umsókna í hverjum mánuði á árinu 2021 var 319, samanborið við 267 árið 2020.



Meðalupphæð sem greidd var á hverja samþykktar umsókn í hverjum mánuði árið 2021 var að upphæð kr. 24.363. Heildarupphæð sem greidd var út vegna sérstaks húsnæðisstuðnings árið 2021 var að upphæð kr. 93.333.614.

Félagsleg heimaþjónusta

Félagsleg heimaþjónusta er fyrir þá sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald, persónulega umhirðu eða aðrar nauðsynlegar athafnir daglegs lífs vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar, fötlunar eða af öðrum gildum ástæðum.


Sértæk heimaþjónusta

Sértæk heimaþjónusta/stoðþjónusta er þjónusta við þá sem þurfa umfangsmikla aðstoð. Þetta er sú aðstoð sem þarf til viðbótar við almenna heimilishjálp og félagslega liðveislu, til þess að fólk með fötlun geti haldið eigið heimili og felur hún í sér margþætta aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.


Innan Heimaþjónustu B eru þrjú sérhæfð teymi þar af sér eitt teymi um þjónustu við langveika einstaklinga sem búa í heimahúsi, eitt teymi sér um verulega líkamlega fatlaða einstaklinga í heimahúsi og þriðja teymið sinnir þroskaskertum einstaklingum í sjálfstærðri búsetu.



MYND 2 – FJÖLDI VINNUSTUNDA Á ÁRI EFTIR VERKUM



MYND 3 – SÉRTÆK HEIMAÞJÓNUSTA ÁRIÐ 2021



Ráðgjöf iðjupjálfa

Iðjupjálfar velferðarsviðs veita ráðgjöf á sviði endurhæfingar, heilsueflingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Þeir taka þátt í mati á heimaþjónustu og annarri þjónustu sem sótt er um og veita einnig fræðslu til stofnana og samstarfsfólks. Náin samvinna er við heimahjúkrun, Sjúkrahúsið á Akureyri og aðra sem koma að málefnum þeirra sem njóta þjónustunnar.


Vettvangsteymi

Vettvangsteymi er þjónusta fyrir einstaklinga með geðfötlun og viðvarandi vímuefnavanda. Þjónustan felst í því að starfsmenn eru til aðstoðar frá kl. 08:00 - 19:00 alla daga vikunnar. Veitt er aðstoð við innkaup, erindrekstur, áminningar um lyfjatöku og almenn aðstoð við athafnir daglegs lífs eftir þörfum. Á árinu 2021 fengu 47 einstaklingar þjónustu frá vettvangsteyminu og hefur fjöldinn tæplega tvöfaldast frá árinu 2017. Flestir þjónustunotendur eru karlar en á árinu voru fimm konur í þjónustu.


Heimsendur matur

Heimaþjónustan sér um heimsendingu matar til þeirra sem vegna veikinda eða skertrar færni geta ekki eldað sjálfir. Þjónustan er í boði alla daga ársins. Maturinn er keyptur frá Matsmiðjunni ehf. Bifreiðastöð Oddeyrar sér um útkeyrslu á matnum til kaupenda. Alls nýttu 169 heimili sér heimsendan mat á árinu sem skiptist þannig að 137 flokkuðust sem heimili aldraðra og 32 heimili flokkuðust sem heimili öryrkja. Fjöldi bakka sem þessi heimili fengu voru 16.802 talsins. Sjá má á mynd 6 að fjöldi heimila og fjöldi útseldra matarskammta jókst mikið milli ára.


MYND 4 – RÁÐGJÖF IÐJUPJÁLFA



MYND 5 – VETTANGSTEYMI



MYND 6 – HEIMSENDUR MATUR



Þjónusta við börn

Fjölskyldustuðningur

Fjölskyldustuðningur er nýtt teymi sem myndað var bæði í kjölfar sameiningar sviðanna og nýrra laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Unnið er eftir hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar er varðar ung börn, hvort sem um er að ræða fötlun, fyrirbura eða annan þann vanda sem veldur álagi í fjölskyldum. Í snemmtækri íhlutun er horft til aðstæðna fjölskyldunnar í heild sinni og áhersla er á að byggja upp traust og góða samvinnu við foreldra.

Askjan

Um er að ræða ýmsa fræðslu og ráðgjöf er varðar uppeldi og heimilishald. Markhópurinn er foreldrar/foreldri sem eiga í erfiðleikum með uppeldishlutverkið, ýmist vegna aðstæðna foreldranna sjálfra, erfiðleika hjá barninu eða umhverfispáttá. Þjónustan er fyrst og fremst í formi heimsóknna inn á heimili. Teymið starfar þvert á málaflokkum og er hlutverk þess að halda utan um umsóknir, þróun þjónustunnar og kynningastarf. Árið 2021 voru 73 mál í vinnslu, þar af hófust 32 mál og 35 málum var lokið á árinu. Níu mál voru á biðlista í lok árs og var meðallengd mála 14 mánuðir. Stysta málið tók tvo mánuði í vinnslu og það lengsta 42 mánuði.

Stuðningsfjölskyldur í félagsþjónustu

Stuðningsfjölskyldur í félagsþjónustu eru annars vegar í boði fyrir fötluð börn og fjölskyldur þeirra skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og hins vegar fyrir þá sem búa við félagslega erfiðleika.

TAFLA 1 – STUÐNINGSFJÖLSKYLDUR - ÞJÓNUSTUSÓLARHRINGAR

	2019	2020	2021
Þjónustuflokkur I	209	212	201
Þjónustuflokkur II	210	132	273
Þjónustuflokkur III	398	270	78
Félagsþjónusta	92	84	218
Helgardvöl	40	236	122
Samtals	949	934	894

TAFLA 2 – FJÖLDI BARNA MEÐ STUÐNINGSFJÖLSKYLDU

	2019	2020	2021
Þjónustuflokkur I	5	7	6
Þjónustuflokkur II	9	10	14
Þjónustuflokkur III	17	11	7
Félagsþjónusta	9	9	17
Helgardvöl	7	16	10
Samtals	47	53	54




Barnavernd og Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar er sameiginleg nefnd fyrir Akureyri og nágretta-sveitarfélögin: Grýtubakkahrepp, Svalbarðsstrandarhrepp, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit. Barnavernd starfar samkvæmt 2. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 sem á að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð.

Á árinu 2021 var tekið við 656 barnaverndartilkygningum. Að auki var könnun hafin að frumkvæði nefndarinnar sjálfar sjö sinnum á árinu. Er um mikla aukningu frá fyrri árum en áður voru flestar tilkygningar á árinu 2019 eða 613 og lítillaga færri á árinu 2020. Á mynd 7 má sjá þróun í fjölda tilkygninga og fjölda þeirra barna sem afskipti voru af hálfu barnaverndar frá árinu 2015.

Flestar tilkygningar hafa borist frá lögreglu og voru þær hér um bil á pari við fjöldann árið 2019 en þeim hafði fækkað nokkuð á árinu 2020. Fleiri tilkygningar bárust frá félagsþjónustu en áður og


MYND 7 – FJÖLDI TILKYNNINGA TIL BARNVERNDAR OG FJÖLDI BARNNA SEM HÖFÐ VORU AFSKIPTI AF 2019-2021



að sama skapi fjölgaði tilkygningum bæði frá skóla- og heilbrigðisstofnunum á árinu 2021.

Færri tilkygningar bárust frá nágrönnum sem er athyglivert miðað við þróunina á síðasta ári. Mjög fáar tilkygningar bárust frá öðrum barnaverndarnefndum á árinu miðað við áður en aftur á móti voru fleiri mál flutt til frá öðrum nefndum á grunni 15. gr. barnaverndarlaga vegna búferlaflutninga eða búsetu barns.

MYND 8 – FJÖLDI TILKYNNINGA TIL BARNVERNDAR OG FJÖLDI BARNNA SEM HÖFÐ VORU AFSKIPTI AF 2019-2021



Flestar tilkynningar til barnaverndar eru vegna vanrækslu foreldra og var fjöldi þeirra svipaður á árinu 2021 og á árinu á undan. Af 292 tilkynningum vörðuðu 187 þeirra áfengis- og vímuefnaneyslu foreldra. Hins vegar fjölgað mikið í þeim flokki er varðar áhættuhegðun barna eða um 32 milli áranna 2020 og 2021. Áberandi er fjölgun tilkynninga er varðar ófædd börn en þess má geta að þessar tilkynningar varða þrjú ófædd börn. Tilkynningar sem varða ofbeldi gegn börnum hefur fjölgað óþægilega hratt milli ára eða um nær 19%. Af þessum 163 tilkynningum varða 95 þeirra tilfinningalegt ofeldi sem telur m.a. til heimilisofbeldis (þ.e. barn verður vitni að ofbeldi inni á heimili sínu).

TAFLA 3 – ÁSTÆÐUR BARNAVERNDARTILKYNNINGA 2019-2021

	2019	2020	2021
Vanræksla	245	299	292
Ofbeldi	145	137	163
Áhættuhegðun barns	221	161	193
Heilsa eða líf ófædds barns í hættu	2	1	3
Samtals	613	598	656



Búseta og vistun fatlaðra barna utan heimilis

Á árinu 2019 var byrjað með sérstakt úrræði fyrir börn sem er staðsett í raðhúsaíbúð í Sporatúni. Þar eru þrjú rúmgóð svefnherbergi, rúmgóð stofa og afgirt útisvæði ásamt sambyggðum bílskúr þar sem útbúin hefur verið skrifstofa forstöðumanns ásamt aðstöðu fyrir starfsmenn.

Í húsnæðinu er starfrækt annars vegar búsetuúrræði fyrir eitt barn og hins vegar sérhæfð skammtímapjónusta fyrir tvö önnur börn. Aldrei skulu fleiri en tvö börn vera í þjónustu á sama tíma. Þjónustuþegar eru börn sem vegna þjónustuþyngdar og fötlunar geta ekki nýtt sér skóla-, frístunda- og skammtímapjónustu eða neyðarvistun fatlaðra barna og ungmenna í Skammtímapjónustunni Þórunnarstræti 99.

Skammtímaþjónusta

Skammtímaþjónusta fatlaðs fólks er stoðþjónusta þar sem fjölskyldur barna með verulega fötlun eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmenni og fullorðið fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Skammtímaþjónusta býður upp á neyðarvistun ef óvænt atvik eða áföll koma upp hjá fjölskyldum notenda. Í skammtímaþjónustu voru alls 17 einstaklingar á árinu, níu voru yngri en 18 ára en átta fullorðnir.

Skólavistun


Boðið er upp á skólavistun frá kl. 13:00 - 17:00 virka daga fyrir börn/ungmenni á aldrinum 10-20 ára sem eru með skilgreinda mikla fötlun. Yfir sumartímann er einnig í boði vistun fyrir sama markhóp en 6-9 ára börn bætast við.

Plastiðjan Bjarg-löðjulundur


Plastiðjan Bjarg-löðjulundur (PBI) er staður starfsendurhæfingar og starfsþjálfunar auk þess að vera vinnustaður fyrir fatlað fólk í ótímabundinni ráðningu. Uppistaða verkefna er létt iðnaðarframleiðsla og þjónusta. Framleitt er m.a. raflagnaefni, kerti, búfjármerki, mjólkursíur, diskapurrkur, klútar og skilti. PBI er til húsa að Furuvöllum 1 og opnunartími er frá kl. 8-16 virka daga. Á PBI fer fram starfsþjálfun og vinna fyrir fatlað fólk. PBI er vinnustaður fyrir fólk sem vegna fötlunar eða af öðrum ástæðum er með skerta starfsgetu. PBI starfar skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Samstarf og samráðsfundir eru á milli PBI og ýmissa stofnana ríkis- og sveitarfélaga varðandi verkefni og þjónustu við notendur. Undanfarin ár hafa nemendur frá VMA komið til okkar í starfsþjálfun, nemendur frá sérdeildum grunnskóla hafa komið í

MYND 9 – SKAMMTÍMAÞJÓNUSTA, SAMSETNING NOTENDA SÍÐASTLIÐIN 10 ÁR



MYND 10 – SUMAR- OG SKÓLAVISTUNARDAGAR, SAMANBURÐUR MILLI ÁRA





heimsókn og háskólanemar í þroskaþjálfrafræðum og iðjuþjálfrafræði hafa verið hér í starfsnámi. Nemendur framhaldsskólanna, VMA og MA hafa fengið fræðslu og aðstöðu hjá okkur til að vinna að nýsköpunarverkefnum.

skynjunar sem fléttuð er inn í allar aðrar athafnir daglegs lífs. Mikilvægast er að einstaklingarnir upplifi öryggi og vellíðan, fái fjölbreytt tækifæri til að viðhalda og auka færni sína í vinnu og virkni. Hugmyndafræði sem notuð er við starfið:

Verkefnastaða PBI árið 2021 var góð. Framleiðsla á búfjármörkjum hefur gengið vel eins og undanfarin ár. Eftirspurn eftir raflagnaefni var stöðug, sala á mjólkursíum hefur aukist og sala útikerta stóð í stað. Hins vegar finnum við fyrir samkeppni hvað varðar dýfð kerti og var salan minni í ár. Bómullartuskum og efnum er safnað og unnir úr þeim tuskubaggar til að selja t.d. verkstæðum og útgerðarfélögum.

- Hugmyndafræði og nálgunarleiðir þjónandi leiðsagnar
- Valdefling
- Hugmyndafræði Teacch
- Hugmyndafræði Lilli Nilsen
- Óhefðbundnar tjáskiptaleiðir s.s. tákn með tali, tákn, myndræn boðskipti o.fl.

Hæfingarstöðin í Skógarlundi

Í Skógarlund sækir hópur fólks með langvarandi stuðningsþarfir þjónustu. Flestir eru með þroskaraskanir og því geta fylgt erfiðleikar við skynjun, rökhugsun, boðskipti, líkamsbeitingu, sjálfshjálp, félagsleg samskipti og athafnir daglegs lífs. Margir af þjónustunotendum þurfa stöðugt eftirlit vegna fötlunar sinnar og stór þáttur í daglegu starfi er umönnun og ýmis konar örvun á sviði

Árið byrjaði með samkomutakmörkunum og endaði með samkomutakmörkunum vegna Covid. Skógarlundur hélt starfsemi sinni þó nánast óbreyttri þar sem undanþága fékkst frá fjöldatakmörkunum. 43 einstaklingar nýttu sér þjónustu Skógarlunda í upphafi árs, en á fyrstu mánuðum ársins létust þrír einstaklingar. Sex nýir einstaklingar byrjuðu í þjónustu á árinu og nokkrir hafa verið að lengja vinnutíma sinn með því að bæta við dögum.

Laut - athvarf fyrir geðfatlaða

Laut er athvarf fyrir fólk með geðraskanir, staðsett í Brekkugötu 34 á Akureyri. Markmiðið með rekstri Lautar er að rjúfa félagslega einangrun, draga úr fordómum og auka lífsgæði þeirra sem eiga við geðræna sjúkdóma að stríða.

Í Laut er boðið upp á heitan mat í hádeginu fyrir 700 kr. og kaffi fyrir 100 kr. Þar er boðið upp á hreyfingu, gönguferðir, sundleikfimi og sundferðir svo eitthvað sé nefnt. Einnig er mikið um spil, handavinnu o.s.frv.

Á árinu 2021 voru alls 2482 heimsóknir í Laut, eða að meðaltali tíu manns á dag.


Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk

Búsetuþjónusta fyrir fatlað fólk er mjög fjölbreytt. Á síðasta ári nutu í heildina 76 einstaklingar þjónustunnar í þjónustukjörnum eða sambýlum. Að auki voru einstaklingar sem fengu sértæka heimaþjónustu/stoðþjónustu. Sameiginlegt öllum þeim sem fá þessa þjónustu er að þeir hafa farið í mat á stuðningsþörf (SIS mat). Akureyrarbær líkt og önnur sveitarfélög getur óskað eftir greiðslum úr Jöfnunarsjóði til að standa straum af kostnaði við þessa þjónustu.

Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)

Í lok árs 2018 var notendastýrð persónuleg aðstoð lögfest (NPA). Nýjar reglur um þjónustuna voru samþykktar árið 2021. Sjö samningar voru gerðir á árinu, þar af einn vegna barns. Það er ljóst að þetta þjónustuform hentar hópi fólks vel þó aukning í fjölda samninga sé ekki að verða að veruleika þar sem fjármagn frá ríki til að standa undir 25% af kostnaði hefur verið takmarkaður. Gerðir hafa verið nokkrir notendasamningar til að koma til móts við þarfir þjónustuþega, oft tímabundnir. Sama hugmyndafræði er að baki þeim samningum en engin endurgreiðsla fæst vegna þeirra og þjónustumagn á bak við hvern samning er yfirleitt lægra.

MYND 12 – SAMSETNING BÚSETUÞJÓNUSTU FYRIR FATLAÐ FÓLK





Akureyrarbær

Þetta skjal er hluti af ársskýrslu Akureyrarbæjar 2021, aðra hluta má sjá á vef Akureyrarbæjar akureyri.is undir Stjórnkerfi > Útgefið efni > Ársskýrslur

Útgefandi: Akureyrarbær 2022

Ritstjórn: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirlstur og prófarkir: Brynja Björk Pálsdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson

Ljósmyndir: María Helena Tryggvadóttir

Mynd af bæjarstjóra: Daníel Starrason

Hönnun og umbrot: Blek hönnunarstofa, blekhonnun.is